Fundargerð

Fundur var haldinn í fullskipaðri málnefnd fimmtudaginn 15. maí í Eddu og hófst kl. 13. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Jóhannes B. Sigtryggsson, Katrín Harðardóttir, Kristín M. Jóhannsdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir, Sigrún Steingrímsdóttir, Þorsteinn Ásgrímsson og Þórður Sævar Jónsson. Arnhildur Arnaldsdóttir og Matthías Tryggvi Haraldsson boðuðu forföll. Ragnar Jónasson og Torfi Þórhallsson voru fjarverandi. Gestir á fundinum voru Logi Einarsson menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra og Halla Jónsdóttir aðstoðarmaður hans. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Fundur með Loga Einarssyni menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra

Á fundinum var nefnt að næsta ályktun um stöðu íslenskrar tungu myndi fjalla um regluverk íslensku. Lögin um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls eru frá 2011 en aðstæður í samfélaginu hafa breyst frá því að þau voru sett. Æskilegt væri að settar yrðu viðmiðunarreglur um notkun erlendra tungumála á Íslandi og mikilvægt að íslenska væri sett í öndvegi. Ráðherra lýsti áhuga á að vinna með Íslenskri málnefnd að því að forgangsraða aðgerðum á sviði íslensku.

Ýmis önnur málefni voru rædd á fundinum, s.s. mikilvægi þess að börn á leikskólaaldri fái nægilegt íslenskt ílag til að ná góðu valdi á tungumálinu og mikilvægi túlkunar.

2. Önnur mál

a. Minnt var á málræktarþing sem verður haldið í Eddu 25. september.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 14.00

Ármann Jakobsson	Ágústa Þorbergsdóttir
sign.	sign.